

Alþingi
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Reykjavík, 30. mars 2022
2203150/0.4.1

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um landlækni og lýðheilsu, nr. 41/2007 (skimunarskrá), 414.mál

Embætti landlæknis þakkar tækifæri til að veita umsögn um ofangreint frumvarp. Í frumvarpinu er lagt til að skimunarskrá verði ein af þeim heilbrigðisskrám sem embætti landlæknis ber ábyrgð á og rekur.

Embætti landlæknis hefur rekið persónugreinanlegar heilbrigðisskrár um langt árabil. Þær hafa gegnt mikilvægu hlutverki, veitt nauðsynlega yfirsýn og skapað grundvöll fyrir eftirlit, gæðapróun og rannsóknir. Miðlægar heilbrigðisskrár hafa einnig fengið ný og aukin hlutverk og má þar nefna notkun lyfjagagnagrunns við veitingu heilbrigðisþjónustu. Ábyrgð embættis landlæknis á skimunarskrá, sem hér er lögð til, fellur vel að þeirri þróun.

Vegna lögbundins hlutverks, reynslu og þekkingar liggur beint við að embættið taki að sér ábyrgð og rekstur á miðlægrri skimunarskrá sem nauðsynleg er til þess að sinna skimunum á landsvísu og til þess að fylgjast með gæðum og árangri þeirra.


Embætti landlæknis fagnar því frumvarpi sem hér er lagt fram því það tryggir nauðsynlega lagastoð undir miðlæga skimunarskrá sem rekin yrði á ábyrgð embættisins. Miðlæg skimunarskrá er ein af mikilvægum forsendum öflugs og árangursríks starfs við skimanir fyrir krabbameinum.

Að lokum viljum við benda á að í greinargerð með frumvarpinu, kafla 6. Mat á áhrifum, eru rangar tölur um fjölda kvenna sem voru boðaðar í leghálsskimun og um hversu margar konur mættu. Samkvæmt skimunarskrá voru alls 29.000 konur boðaðar í leghálsskimun árið 2021 á landinu öllu og 20.600 konur mættu í skimun það árið. Mætingarhlutfall er ávallt reiknað sem uppsöfnuð mæting kvenna á skimunardri fyrir 3ja ára tímabil og þannig reiknast mætingahlutfall eftir þeirri hefðbundnu aðferð 65% fyrir árið 2021. Á árinu 2021 voru 36.955 konur boðaðar í brjóstaskimun á landinu öllu og alls mættu 18.270 konur í brjóstaskimun sama ár. Mætingarhlutfall í brjóstaskimanir er reiknað sem uppsöfnuð 2ja ára mæting og mætingarhlutfall 2021 var því 54%.

Virðingarfyllst,



Alma D. Möller
landlæknir



Sigríður Haraldsd. Elinardóttir sviðsstjóri
svið heilbrigðisupplýsinga